

**Ed.**

## **510. Lög**

um próf leikfimi- og íþróttakennara.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl).

### **1. gr.**

Eftir 1. okt. 1934 verður hver sá leikfimi- eða íþróttakennari, sem fær fast starf eða er ráðinn til íþróttá- eða leikfimikennslu við rikisskóla eða skóla, sem ríkið styrkir, að hafa lokið prófi eftir fyrirmælum þessara laga í uppeldisfræði, kennsluæfingum, líkamsfræði og leikfimi, eða í öðrum íþróttum, sem kenndar kunna að verða hér á landi. Sama er um leikfimi- og íþróttakennara, sem eru fastir starfsmenn íþróttafélaga eða ungmennafélaga.

### **2. gr.**

Kennslumálaráðuneytið setur reglur um leikfimi- og íþróttakennslu, þar sem höfð er full hliðsjón af mismunandi aðstöðu hinna ýmsu skóla og kröfum þeim, sem til þeirra eru gerðar.

### **3. gr.**

Prófnefnd 3 manna, og skipar kennslumálaráðherra einn, fræðslumálastjóri annan og Íþróttasamband Íslands hinn þriðja, dæmir um kunnáttu þeirra manna, sem vilja starfa sem íþróttá- eða leikfimikennarar samkvæmt 1. gr. Leggur nefndin úrskurð á, hvort þeir skuli ganga undir próf að öllu leyti eða í einstökum greinum, eða hvort áður fengin prófgögn séu fullnægjandi. Prófnefndin skal skipuð til 3 ára í senn, og fær hún þóknun eftir sömu reglum sem prófdómendur við rikisskólana. Rétt er prófnefnd að kveðja sér til aðstoðar, er henni þykir þess þörf, tvo sérfróða menn, og hafa þeir þá atkvæðisrétt sem hinir reglulegu nefndarmenn.